

2016

Skólanámskrá



LEIKSKÓLINN SUNNUFOLD

„Sunnufold er leikskóli þar sem barnmiðað starf og góð samskipti skapa vettvang fyrir vináttu og vöxt. Við þjónum fólki af fagmennsku, temjum okkur víðsýni og leitum nýrra leiða þegar þarf.“

Efnisyfirlit

Leikskólinn	3
Almennt um skólanámskrá	3
Hverjir koma að skólanámskrá?	3
Hlutverk leikskóla	3
Sunnufold	5
Stjórnendateymi Sunnufoldar	6
Áherslur og sýn Sunnufoldar	7
Skólabragur.....	7
Hlutverk kennara í Sunnufold.....	8
Hugmyndafræðin – að læra með því að gera með öðrum	9
Skipulag og óreiða í senn.....	9
Félagslegur þáttur náms.....	10
Að láta til sín taka	11
Jákvæð sálfræði.....	11
Verkfærin okkar.....	12
Já í 99% tilfella	12
Val.....	12
Fimm mínútur.....	12
Lykilhugtök Sunnufoldar.....	13
Hamingja.....	13
Málrækt	13
Leikur	15
Sjálfræði.....	16
Heilbrigði	17
Sambætting lykilhugtakanna	17
Mat	18
Ytra mat	18
Innra mat	18
Læsi og samskipti.....	18
Heilbrigði og vellíðansýna umhyggju.....	19
Sjálfbærni og vísindi	19
Sköpun og menning.....	19
Stuðningur við börn.....	20

Snemmtæk íhlutun	20
Miðgarður.....	21
Foreldrasamstarf	22
Fundir	22
Samtöl.....	22
Persónumöppur.....	22
Foreldraráð.....	23
Foreldrafélag.	23
Nærsamfélagið	24
Vogin.....	24
Foldaskóli.....	24
Regnbogaland.....	24
Bókasafnið	24
Fjölnir.....	25
Gufunesbær.....	25
Sorpa.....	25
Ferðir	25
Heimilidaskrá	26

Leikskólinn

Hér lítur fyrsta skólanámskrá Sunnufoldar dagsins ljós. Í henni er gert grein fyrir áherslum og hugmyndafræði sem sýna sig í öllum þáttum starfsins. Segja má að skólanámskráin sé ófullgert plagg þar sem skólabragur og menning skólans mótast af þeim sem þar leggja sitt af mörkum hverju sinni það er, starfsfólk, börn og foreldrar.

Almennt um skólanámskrá

Leikskólinn Sunnufold vinnur eftir Aðalnámskrá leikskóla (2011) og lögum um leikskóla (90/2008) en samkvæmt þeim skal hver leikskóli móta sína eigin skólanámskrá sem er aðgengileg öllum er koma með einhverjum hætti að leikskólastarfinu. Leikskólanum ber að skjalfesta hvernig vinna á að þeim markmiðum og gildum sem hann stendur fyrir og hvaða hugmyndafræði er fylgt. Áherslur í starfi og samskipti við þátttakendur leikskólalífsins eiga að koma fram og að því loknu fær skólanámskráin blessun frá foreldraráði og Skóla- og frístundasviði. Þar sem leikskóli er í stöðugri þróun skal skólanámskráin endurskoðast reglulega og á að taka mið af áhuga og sjónarmiðum barna, foreldra og starfsfólki leikskólans. Til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku er unnið eftir skólanámsskánni sem er sáttmáli um þær starfsaðferðir sem eru ástundaðar í leikskólanum.

Hverjir koma að skólanámskrá?

Námskrágerð er í höndum starfsfólks leikskólans, barna og foreldra en stjórnendur leikskólans bera ábyrgð á ritun og útgáfu hennar. Viðhorf foreldra er fengið í samtölum, á fundum og í skoðanakönnunum sem nýtt er til að endurmeta starfið. Börnin taka þátt í að skapa og meta starfið, þau elstu með því að segja okkur skoðanir sínar dags dag lega og í sérstökum viðtölum. Þau yngri tjá sig á annan hátt og starfsfólk metur með þeim og foreldrum hvað hentar best hverju sinni. Matið byggir fyrst og fremst á skráningum sem gerðar eru í daglegu starfi og starfsfólkið ígrundar saman á fundum, stórum og smáum, og starfsdögum þar sem farið er yfir sérstaka þætti starfsins ásamt upplýsingum úr skráningum. Öllu þessu mati og endurmati er púslað saman í aðferðir sem eru skjalfestar og ritaðar í skólanámskrána.

2.gr. Markmið

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að:

- fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellt þróun,
- rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Lög um leikskóla (90/2008)

Hlutverk leikskóla

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn að grunnskólaaldri. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að starf innan hans fari fram samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum ásamt rekstri hans.

Lögð er áhersla á gildi leiks og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna (1992).

Meginhlutverk leikskóla er að stuðla að almennri menntun og velferð. Leitast er við að virkja þátttöku barna í lýðræðislegu samfélagi þar sem litið er á börn sem hæfa einstaklinga, þau virt og sýnd umburðarlyndi. Þá ber leikskóla annars vegar að vinna með grunnþætti menntunar sem eru samnefnari hjá leik- og grunnskólum. Grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og fléttast þeir inn í allt skólastarf. Hins vegar skal leikskóli vinna eftir námssviðum sem eru tilgreind í Aðalnámskrá leikskóla (2011) og eru:

læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning en þau eiga að:

- vera hluti af leik barna,
- vera samþætt daglegu starfi leikskóla,
- vera heildstæð og byggjast á reynslu barna,
- byggjast á áhuga barna og hugmyndum,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna,
- hvetja til samvinnu og samstarfs,
- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði,
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana,
- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína,
- leikni og hæfni,
- stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 42)

Sunnufold

Leikskólinn Sunnufold var stofnaður árið 2011, þann 9. október. Hann er starfræktur í þrem starfsstöðvum í Foldahverfi í Grafarvogi. Við skólann starfa að meðaltali um 40 starfsmenn með 145 börnum á sjö deildum. Starfsstöðvarnar bera nafn af götunni sem þær standa við og eru: Frosti við Frostafold 33, Funi við Funafold 42 og Logi við Logafold 18. Í Grafarvogi er ekki langt að sækja í náttúruna sem býður upp á fjölbreytt fuglalíf, rannsóknarferðir í fjöruna og skemmtilegar ferðir í skóginn.

Sunnufold er leikskóli þar sem starfið er barnmiðað og góð samskipti skapa vettvang fyrir vináttu og vöxt. Við þjónum fólki af fagmennsku, temjum okkur víðsýni og leitum nýrra leiða þegar þarf. Starfsfólk Sunnufoldar sækir sér faglega þekkingu og úrræði bæði sín á milli og með því að sækja faglega kennslu út fyrir skólann. Við leggjum áherslu á að starfsfólk skoði eigin starfsaðferðir og meti starfið með samstarfsfólki, börnum og foreldrum þar sem velferð barna er í forgrunni og til að skapa samfellu milli heimilis og leikskóla. Með áherslum og sýn allra þátttakanda myndast skólabragur sem er viðurkennandi fyrir alla aðila og eykur öryggi og vellíðan barnanna.

Að skrifa fræðilegan kafla í námskrá er óþrjótandi verkefni, ekki síst með hliðsjón af þeim mörgu stýrigögnum sem ber að flétta inn í allt starf leikskólans. Leikskólinn er fyrsta skólastig íslensks menntakerfis. Flétta ber saman menntun, umhyggju og uppeldi. Starfsfólkið í Sunnufold er mikilvægasta aflið til að börn og foreldrar njóti leikskólatímabilsins. Við leggjum áherslu á að rækta hugmyndir okkar um starfið og vera sjálfsgagnrýnin því það fellur að hugmyndum okkar um að vaxa stöðugt í starfi og þjóna vel. Við teljum að með því að tryggja þátttöku margra verði til víxlverkun sem er líkleg til að skila okkur starfi sem er að nokkru í föstum skorðum en þó síbreytilegt, tekur mið af einstaklingsþörfum og tækifærum stundarinnar.


Starfsfólkið er okkar mikilvægasta afl. Með þekkingu sinni, vinnu og viðhorfum skapar það grundvöll fyrir leikskólastarf þar sem foreldrar eru virkjaðir til samstarfs með þátttöku og velferð barnanna að leiðarljósi

Leiðarljós Sunnufoldar

Stjórnendateymi Sunnufoldar

Leikskólastjóri hefur aðsetur í Frosta. Hann sinnir daglegum rekstri, veitir faglega forystu og ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt stýrigögnum. Leikskólastjóri þjónar starfsfólki og ber fjárhagslega ábyrgð samkvæmt lögum. Aðstoðarleikskólastjóri situr í Loga, er leiðtogi þar og sinnir jafnframt faglegri stjórnun með öllu starfsfólki leikskólans, dýpkar faglega sýn með deildarstjórum og leikskólastjóra og sinnir nýliðabjálfun ásamt deildarstjórum. Í Funa er aðstoðarleikskólastjóri í hlutastöðu. Hans starf felst í að vera leiðtogi á staðnum, hafa þar yfirsýn og vera jafnframt hluti af forystuteymi Sunnufoldar. Sérkennslustjórar eru í öllum húsum og sjá þeir um málefni barna sem eiga rétt á auknum stuðningi og/eða íhlutun. Þeir veita einnig ráðgjöf til starfsfólks og foreldra varðandi öll börn. Jafnframt eru þeir tengiliðir við þjónustumiðstöðina í Miðgarði. Í Sunnufold eru sjö deildarstjórar sem bera ábyrgð á fagstarfi sinna deilda. Allir stjórnendur Sunnufoldar veita skólanum faglega forystu hver á sinn hátt og saman í teymi. Kraftar allra í teyminu eru virkjaðir sem best og hver og einn þekkir skuldbindingar sínar gagnvart starfinu með börnunum og foreldrum.

Í Sunnufold vinnum við eftir hugmyndum um þjónandi forystu þar sem lögð er áhersla á að gefa starfsfólki svigrúm til að hafa áhrif á störf sín. Við hvetjum það til að þyggja handleiðslu og sækja sér þekkingu til að verða leiðtogar á sínu sviði. Sá sem vinnur í anda þjónandi forystu þekkir vel tilgang starfsins og hefur áhuga á hugmyndum og hagsmunum annarra. Starfsfólk fær tækifæri til að þróa sig í starfi og efla sjálfstæði sitt. Mikilvægi handleiðslu við starfsfólk getur verið afgerandi þegar verkefni eru mörg og hraðinn mikill (Ásdís Olga Sigurðardóttir, 2013). Sameiginlegt verkefni okkar allra er að sinna leikskólastarfinu með börnunum og gera allt úr garði þannig að þau njóti sín. Þjónandi leiðtogi leitast við að hlusta, þekkja styrkleika sína og veikleika, leiða uppbyggileg samskipti og beita jafningjafræðslu í starfi sínu (Greenleaf, 2008; Sigrún Gunnarsdóttir, 2016). Hugmyndir þjónandi forystu fara vel saman með þeirri hugmyndafræði sem við byggjum starfið með börnunum á. Þannig er heildarsýn til staðar í starfi leikskólans því við vitum að börnin blómstra ekki nema starfsfólkið geri það líka.



Áherslur og sýn Sunnufoldar

Áherslur í starfi Sunnufoldar eru alltaf þær að börnin fái að njóta sín og með styrkri leiðsögn nái þau að þroskast og dafna eins og best verður á kosið. Við viljum að öll börn fái þann stuðning sem þau þurfa til að njóta leikskólastarfsins á forsendum sem eru þeim til framdráttar og að þau séu og verði sterkir lýðræðislega hugsandi þegnar í nútíma samfélagi.



Í Sunnufold er lögð áhersla á að börn taki þátt í að meta sitt eigið nám, hafi áhrif á námsumhverfi sitt og byggi upp vitund um eigin styrkleika sem þau geta nýtt sér til framdráttar. Við hvetjum þau til þess með því að nota mildi í samskiptum og virka hlustun, heyrum hvað þau eru að segja og ýtum undir virk samskipti. Við teljum öll samskipti hafa tilgang og ágreining ekki vera til að forðast heldur nýtum við hann til að rökræða, beita tungumálinu, læra að taka tillit til annarra og sjá að ákvarðanir hafa áhrif á aðra í kringum okkur og þannig eflist samkennd með öðrum.

Lýðræðis- og jafnréttissjónarmið eru í öllu okkar starfi og við leggjum áherslu á að vera samverkamenn barna. Við höfum trú á ferlinu frekar en afurðinni og virkjum og ýtum undir þekkingarleit, innri sjálfsstjórn og öryggi hjá hverju og einu barni. Við trúum því að þekkingarleit og framfarir verði í félagslegu samhengi.

Skólabragur

Í Sunnufold viljum við skapa viðurkennandi andrúmsloft þar sem bæði börn og starfsfólk fá notið sín og foreldrar eru boðnir velkomnir og hvattir til að taka þátt í starfi leikskólans. Leikskólinn er vettvangur þar sem börn fá að þróa hæfileika sína á uppbyggjandi hátt með stuðningi starfsmanna og/eða annarra barna. Samstarf foreldra, barna og starfsfólks leiðir af sér gleði og eflandi andrúmsloft sem hefur jákvæð áhrif á líðan og þroska barnanna.

Fyrst og fremst erum við lærdómssamfélag sem stundar þekkingarleit með öðrum, bæði innan og utan leikskóla. Við lærum hvert af öðru og miðlum þekkingu sem er nauðsynleg til að námsumhverfi barna verði sem þroskavænlegast. Við viljum vera skóli sem lærir í samskiptum við börn og fullorðna.

Menning og hefðir eru í þróun en með hverjum nýjum barnahópi skapast ný menning og breyttar hefðir. Fastir viðburðir eiga þó alltaf sinn sess eins og vinafundir í Frosta og Loga og söng/dansstundir í Funa á föstudögum. Jólaleikrit og foreldrasamvera á aðventunni eru fastir liðir. Starfið einkennist af léttu skipulagi sem er breytilegt eftir því sem þurfa þykir. Við viljum að börnin hafi áhrif á starfið og hvetjum þau til þess. Hefðir skapa taktfestu en eiga ekki að vera íþyngjandi. Við metum viðburði hverju sinni og breytum til að ná markmiðum okkar um þátttöku og gleði.

Hlutverk kennara í Sunnufold

Leikskólakennari þarf alltaf að vera í sjálfsskoðun í starfi sínu, hann þarf að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfs. Hann þarf að vera góð fyrirmynd, hafa opinn huga og vera tilbúinn að hlusta á hugmyndir og kenningar barna til að skilja og geta tekið þátt á þeirra forsendum. Öll börn búa yfir ólíkum hugsunum og reynslu. Leikskólakennari þarf að geta boðið upp á fjölbreyttar námsaðferðir, hann þarf að hvetja börn að spyrja og um leið að fræða þau. Hann þarf að styrkja börn til að láta þau finna til sín, taka ábyrgð á eigin gjörðum og að setja sig í spor annarra. Leikskólakennari þarf að búa til námssamfélag svo öll börn hafi tækifæri á að nema við bestu aðstæður með ólíkum aðferðum ásamt því að framfylgja áherslum skólanámsskrá og aðalnámsskrá og meta skólastarfið.

Fagmennska leikskólakennara byggist ekki aðeins á sérfræðilegri starfsmenntun heldur einnig þekkingu og viðhorfum, hún snýst um nemendur og velferð þeirra. Markviss samskipti og góð tilsögn stuðlar að námi og aukinni hæfni barna. Á kennurum Sunnufoldar hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar, vinna úr henni, auka áhuga þeirra og veita tækifæri á að festa þekkingu með reynslu. Kennarar hvetja börn til að meta og taka ákvarðanir byggðar á lýðræðis- og jafnréttissjónarmiðum. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.



Hlutverk leikskólakennara samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla (2011, bls. 26) er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, meðal annars með því að:

- skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa,
- gefa leik nægan og samfelldan tíma,
- gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka,
- styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga,
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik,
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,
- styðja við og efla jákvæð samskipti í leik,
- sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.

Hugmyndafræðin – að læra með því að gera með öðrum

Allt starf Sunnufoldar tekur mið af félagslegri hugsmíðahyggju sem er hugmyndafræði um hvernig þekking verður til í félagslegu samhengi. Börn læra ekki í tómarúmi heldur takast þau á við efnivið og fræði, með því að handfjatla og að eiga samræður og skoðanaskipti. Félagsleg hugsmíðahyggja er bæði á efnislegu og huglægu plani. Samkvæmt fræðunum skiptir miklu máli að fólki líði vel sé hluti af samfélagi og taki þátt í námi á sínum forsendum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Dewey, 2000; DeVries og Zan, 1994). Fyrir ung börn þarf að gera allt umhverfi leikskólans þannig úr garði að það bjóði upp á félagslegt og efnislegt námsumhverfi. Litið er svo á að börn séu alltaf að læra með því fylgjast með hvernig við gerum og hvað við gerum. Skipuleggja þarf starfið eftir því hvernig og hvort okkur tekst að virkja þeirra skoðanir, vilja og væntingar (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2010). Talað er um að virkja þurfi vilja til að glíma við námsefni og til að skilja það, tengja það við fyrri þekkingu og að ná að hagnýta sér þá þekkingu (Piaget, 1972).

Hugsmíðahyggja byggir á kenningum margra viðurkenndra fræðimanna á borð við Bandaríkjamanninn John Dewey (1859-1952), frakkann Jean Piaget (1896-1980) og rússann Lev Vygotsky (1896-1934), ítalan Maria Montessori (1870-1952) og svíann Ellen Key (1849-1926). Þekkt er tilvitnun í Dewey „learning by doing“ eða „að læra með því að gera“. Kenningar í dag hafa nú í auknum mæli þróast í þá átt að nám sé félagslegt ferli „að læra með því að gera með öðrum“ á ef til vill betur við í því hópuppeldi sem leikskóli býður upp á. Í Sunnufold gerum við hvoru tveggja, að tryggja börnum þátttöku í hóp en einnig að veita tíma og rými til að barn geti verið á eigin forsendum sem stundum gengur út á að fá að skoða efnivið upp á eigin spýtur og skilja hann betur eða að fá að hafa leikskólakennara fyrir sig einan.

Skipulag og óreiða í senn

Dagskipulag leikskólans er til þess fallið að börnin læri að fylgja skipulagi og skilji að eitt leiði af öðru. Þau fá tilfinningu um að athafnir eru háðar takti og tímamörkum. Við tölum um hvað tímanum líður. Við setjum upp dagatal þar sem lesa má aftur á bak og áfram um leikskólastarfið og börnin læra að lesa á það. Þau læra að fylgja skipulagi að hugsa fram og aftur í tímann. Þau læra að lesa saman upplýsingar og skipulag sem er mikilvægur þáttur í lífsleikni og læsi. Við hengjum upplýsingar í þeirra hæð til að tryggja þeim aðgengi og ýta undir sjálfræði. Við tryggjum einnig aðgengi þeirra að bókum, vísum og þulum.

Lögð er áhersla á að leiðbeina með því að gera, eiga í samskiptum og vera til staðar. Við nemum með því að horfa á og leitast við að skilja hvernig börnin læra (Hrönn Pálmadóttir, 2015). Við skráum leik barna bæði með myndum og orðum og förum yfir skráningar til að við lærum að beita okkur, skilja börn og styðja þau (Rinaldi, 2006; Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2015). Við ræðum við börnin um það sem við skráum, þau læra að það er hægt skrá niður texta og lesa hann aftur. Læsi er mikilvægur þáttur í öllu námi og einn grunnþáttur menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Stefán Jökulsson, 2012). **Málrækt** er eitt lykilhugtaka Sunnufoldar. Við ræktum mál barna með því að hlusta á þau og tala við þau. Með því að taka inn efnivið sem vekur þörf fyrir ný hugtök og með því að fara í ferðir og vera með börnum á nýjum stöðum því hugtakanotkun gerist ekki í tómarúmi. Börn þurfa upplifanir til að orð fái merkingu í þeirra veruleika. Það þarf að flokka og aðgreina efnivið svo að hann veki vitund um margbreytileika frekar en að vera safn ónefndra hluta (Skóla- og frístundasvið, 2013).

Félagslegur þáttur náms

Í æ ríkara mæli er áhersla lögð á mikilvægi félagslegs þáttar í öllu námi og velferð nemenda. Í leikskóla eru mörg börn saman frá margskonar heimilum og megin forsenda þess að þeim líði vel og dafni er félagsleg viðurkenning og væntumþykja (Dahlberg, Moss og Pence, 1999). Í Sunnufold er samfélagið í stöðugri þróun. Við tilheyrum stærra samfélagi og viljum að börnin læri á nærumhverfið sitt og sjái sig sem virka gerendur sem sýna frumkvæði. Eitt lykilhugtak Sunnufoldar sem við vinnum með er **heilbrigði** og við tengjum það bæði andlegri, félagslegri og líkamlegri velferð. Heilbrigði er einn af grunnþáttur menntunar (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013).

Við grundvöllum okkar starf á Aðalnámskrá leikskóla (2011) sem ber þess merki að vera sprottin úr kenningum um nám sem félagslegt ferli og um rétt fólks til jafnréttis og þátttöku. Þar kemur einnig fram að leikur sé mikilvægasta námsleið barna, því í leik sé áhugi þeirra til staðar enda eigi þau ríkan þátt í þeim hugmyndum sem leikurinn byggir á. Áhugi þeirra er til staðar því þau vilja hafa áhrif á framvindu leiksins. Í leik takast börn á um hagsmuni sem eru þeim raunverulegir (Hrönn Pálmadóttir, 2015; Jones og Reynolds, 1992; Jones og Cooper, 2005). Leikur barna þarf að fá frið til að þróast. Þess vegna er stundum allt út um allt í Sunnufold. Börn leika sér á ýmsum stöðum og blanda leikefni því þau þurfa að fá að glíma við viðfangsefni samkvæmt sínum hugmyndum og þörfum til að skapa sér reynslu og þekkingu í samræmi við það sem fyrir er. Í leik vinna börnin saman og samleikur er þeim mikilvægur, hann tryggir þeim vinatengsl og þekkingu um hluti og um þau sjálf sem félagsverur (DeVries og Zan, 1994). **Leikur** er eitt lykilhugtaka okkar í Sunnufold.



Að láta til sín taka

Að læra sjálfshjálpi er bæði réttur barna og þeim nauðsynlegur til að ná að bjarga sér sjálf. Þess vegna leggjum við áherslu á **sjálffræði** sem lykilhugtak í Sunnufold. Með því að virða sjálffræði barnanna styðjum við þau í að takast á við margvísleg verkefni, þau læra lýðræði með sjálffræði og meðvitað drögum við úr valdboði kennara. Til að tryggja börnum þau sjálfstöðu réttindi að geta bjargað sér sjálf sníðum við umhverfið að þeim og hugum vel að aðgengi þeirra sem og efniviði og samskiptum (Fanný Kristín Heimisdóttir, 2010).

Hlutverk kennaranna er að búa börnum umhverfi og samskipti sem styður við vilja þeirra og getu til úrlausna á margvíslegum verkefnum í daglegu lífi. Stundum felst það í að setja börnum mörk til að hvetja þau áfram og til að ná tiltekinni færni eða árangri en einnig vegna þess að allir þurfa að njóta sín. Mörk geta verið félagsleg, þau geta beinst að því að styðja við úthald barna og þau geta verið efnisleg þannig að rammi er settur um leikefni (Fanný Heimisdóttir, 2010). Í Sunnufold tölum við frekar um nám og námsumhverfi en kennslu og kennsluumhverfi. Við viljum tryggja að allir taki þátt og fái möguleika á að byggja við þekkingu sína og vitund um sjálfa sig sem hæfa einstaklinga. Mikilvægi þessa er ótvíræð því talið er að það sé hæfni okkar sem skili okkur bestum árangri í lífi og starfi (Rinaldi, 2006).

Jákvæð sálfræði

Eitt lykilhugtak okkar í Sunnufold er **hamingja** og við notfærum okkur aðferðir sem tengjast jákvæðri sálfræði til að vinna með hamingjutilfinningu í leikskólanum. Þar á meðal eru samskiptaboðorðin (Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, 2016) en þau eru hagnýtar aðferðir til að fullorðinn tryggi uppbyggileg tengsl við börn, veiti þeim augnsamband, hvatningu og áheyrn en dragi úr neikvæðu valdboði. Það á við um bæði börn og starfsfólk að þegar þau fá tækifæri til að nýta styrkleika sína endurtekið, verða til jákvæðar tilfinningar og aukið sjálfstraust. Bjartsýni og þrautseigja eflist og sjálfspekking styrkist. Með því að nýta sér samskiptaboðorðin er talið að það verði til hvatar sem eru líklegir til að vinna gegn andlegri vanlíðan og auka um leið samkennd með sjálfum sér og öðrum.

Hamingja er ekki fastmótað ástand þó að erfðapættir og margvíslegir aðrir þættir sem við ráðum ekki við hafi óneitanlega áhrif. Þá hefur það reynst svo að með viðhorfum og lærðum bjargráðum getum við haft áhrif á hamingjutilfinningu okkar. Það er hægt að auka sjálfsbjargarviðleitni en það er líka hægt að læra hjálparleysi en talað er um að við eigum val við flestar aðstæður (Gunnar Hrafn Birgisson, 2010). Talið er að hamingja efla almenna heilsu, það sé til dæmis mikilvægt að eiga samskipti, gefa af sér, hreyfa sig úti við og vera forvitinn til að stuðla að hamingju sinni og annarra (Borghildur Sverrisdóttir, 2014).

Í Sunnufold veitum við börnum faglega umhyggju sem felst meðal annars í því að veita þeim hlýju og snertingu og huga vel að grunnþörfum þeirra (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2009). Við gætum þess að taka ekki af þeim tækifæri til að læra að bjarga sér sjálf og veitum þeim tækifæri til að byggja upp áhuga og metnað sem leiðir af sér ánægju og árangur. Til þess að styrkja börn í þróá með sér færni sem nýtist þeim í öllum daglegum athöfnum höfum við þróað verkfæri í áralöngu leikskólastarfi sem við köllum „verkfærin okkar“ (sjá bls 12). Þau eru hagnýt og tengjast faglegri sýn okkar og þeirri hugmyndafræði sem starfið grundvallast á.

Verkfærin okkar

Í Sunnufold höfum við komið okkur upp verkfærum sem hjálpa okkur í starfi með börnunum, í samskiptum við þau en einnig við hvert annað. Verkfærin eru notuð á uppbyggilegan hátt og ætíð með hlýju og mildi. Verkfærin gera starfið og samskiptin jákvæðari. Þau styrkja sjálfstæði og sjálfræði barna og bjóða uppá færni til eflandi samskipta allra á milli.

Já í 99% tilfella

Með þessu verkfæri tryggjum við að áhugi og hugmyndir barnanna séu virtar og jákvætt andrúmsloft skapist í samskiptum barna og fullorðinna. Starfsmenn styrkjast þegar þeir þjálf sig í notkun þessa verkfæris og tækifærin til málörvunar eru margvísleg. Umbunin er jákvæður og betri starfsmaður sem skilur sjónarmið barna betur. Að segja já í 99% tilfella þýðir ekki að öllu sé játað og að allt sé leyfilegt. „má ég fá meira brauð“? og svarið gæti verið: „Já þegar þú ert búin/n með súpuna“, í stað „nei, þú átt eftir að klára súpuna“ „Viltu renna fyrir mig úlpunni“, „já, reyndu fyrst tvisvar“! „Mig langar heim“ já, hvað ætlar þú að gera þegar þú kemur heim?

Val

Að hafa val er beintengt sjálfræði barna, öryggi þeirra og framkvæmdargleði. Barn á að fá val um hvernig hlutir/athafnir fari fram. Stundum er val um allt en stundum er einungis val um leiðir. „Viltu ganga sjálf/ur eða á ég að leiða þig?“ „Viltu setja á þig bláu eða rauðu húfuna?“ Að velja sjálf/ur eykur sjálfstraust barna og ýtir undir þeirra eigin lausnaleit. Við val skapast börnum færi á aukinni hreyfingu því þau fara á milli staða, þau blanda leikefni og eiga í samskiptum við marga. Val skapar einnig forsendur fyrir flæði hugmynda bæði efnis og fólks.

Fimm mínútur

Í hvert sinn sem barn þarf að ganga í gegnum breytingar í leikskólanum, breytingar sem hugsanlega raska leik eða ró barnsins gefum við barninu „aðvörun“. Við gefum þeim fyrirvara til að búa þau undir breytinguna. Þá notum við fimm mínútna regluna. Hún er þannig að við segjum til dæmis „eftir fimm mínútur ætlum við að fara út“. Þannig teljum við okkur gefa börnum tækifæri til þess að takast á við og sætta sig við breytingar, klára leikinn eða annað það sem þau eru að gera. Notkun á fimm mínútna verkfærinu er góð leið til þess að tryggja að ætíð sé borin virðing fyrir starfi barna, leik þeirra og hugmyndum. Og þessi aðferð skilar sér til baka með þeim hætti að börnin fara að biðja um fimm mínútur eða smá stund til að klára eitthvað sem þau eru að fást við.

Það er markmið okkar að byggja upp sterka og hæfa einstaklinga sem haf trú á eigin getu og vilja til að takast á við fjölbætt verkefni morgundagsins.

Lykilhugtök Sunnufoldar

Við mátum okkur við bæði grunnþætti menntunar og námsvið leikskóla (Aðalnámskrá, 2011) þegar við setjum fram lykilhugtökin. Hægt er að sjá helstu áherslur leikskólans og aðalnámskrárinnar skína í gegn og velferð og nám barna er í forgrunni. Börnin læra að taka þátt í að meta eigið nám og hafa áhrif á námsumhverfi sitt með virkri þátttöku í leikskólalífinu þar sem leikur er aðalnámsleið þeirra.



Hamingja



Það er illa hægt að útskýra orðið *hamingja* fyrir börnum, þau þurfa að upplifa hana og finna á eigin skinni hvað lætur þeim líða vel og hvað gerir þau glöð og stolt með sitt. Það eru mannréttindi að upplifa hamingju!

Í leikskólanum er lagt upp úr viðurkennandi andrúmslofti sem einkennir skólabraginn og vinátta, grín og glens er í hávegum haft. Allir hafi eitthvað fram að færa og allir geta tekið þátt þó það sé á mismunandi forsendum. Í hamingju felst að upplifa, njóta og taka þátt. Að eiga góð samskipti við aðra og geta leitað lausna er styrkjandi og eflandi. Í samskiptum veitum við börnum umhyggju, tökum þau í fangið, leiðum og styðjum þau sem þurfa á því að halda. Umhyggja á sér rætur í fagvitund en leiðir af sér væntumþykju og mynda tengsl sem skapa hamingjutilfinningu bæði hjá starfsmanni og barni.

Hamingja er persónuleg, hún er á jafnréttisgrundvelli, hún er vellíðan en hún getur verið óstöðug. Hamingjan getur sýnt sig í verkefni sem barn vinnur að eða í teikningu, hún getur komið fram í hópastarfi, hún getur einnig sýnt sig í útiveru eða í hvíldinni. Hamingjan er hér og nú og allt um kring.

Málrækt

Með málrækt eflum við tungumálið sem samskipta- og tjáningartæki í víðum skilningi. Talið er að þeir einstaklingar sem hafa góð tök á tungumálinu eigi auðveldara með að fóta sig í lífinu. Smátt og smátt eykst meðvitund barna um tengsl orða og texta eða mynda og þau gera sér grein fyrir hvað texti stendur fyrir. Þau tengja í félagslegum samskiptum þar sem þau taka þátt í samræðum við önnur börn og fullorðna. Það ýtir undir að börn skilji merkingu orða, samhengi í texta og hæfileikann til að draga ályktanir út frá lestexta. Það reynir mikið á orðaforða, málskilning, málfræðipækkingu og hæfni að nota tungumálið í mismunandi aðstæðum. Í gegnum félagsleg samskipti er ekki einungis verið að byggja upp málþroska barna heldur orðaforða, tungumálakunnáttu og almenna þekkingu á því samfélagi sem við lifum í.

Við leggjum áherslu á að styrkja börn í félagslegum samskiptum. Áherslur eru á orðaforða, máltjáningu og hlustun og að börnin fái tækifæri á að prófa sig áfram í ólíkum aðstæðum sem reynir á

tjáningu og skilning. Kennari á að vera til staðar til að aðstoða við að leggja orð á athafnir og/eða tilfinningar.

Samfélagsmiðlar eru nýttir í starfi með börnum, sérstaklega þær fréttir sem höfða til barna og það sem þykir merkilegt í þjóðfélaginu hverju sinni. Það er í höndum starfsfólks á deildum að opna umræðu við börn og byggja upp gagnrýni og viðhorf, meðvitund og skilning á fréttum líðandi stundar. Þetta ýtir undir betri skilning á viðburðum og umhverfi í víðum skilningi svo sem eldgosum, ólíkum menningarheimum og listviðburðum svo dæmi séu nefnd. Lestur bóka, söngvar og þulur geta einnig gengt þessu hlutverki þar sem kennari er í lykilhlutverki að útskýra og spyrja út úr. Börnin máta sig við og upplifa atburði í sögum og söngvum. Í starfinu eru dægurlög notuð til að auka málskilning og hugmyndaflug. Hlutir dregnir upp úr tösku fá nafn og útskýringar og börnin æfa sig í að segja sögur sjálf og koma fram í leikritum. Allir þeir sem vinna með börnum í Sunnufold eru ábyrgir fyrir því að vanda orðalag og samskipti við börn, byggja upp orðaforða til að börn geti nýtt sér hann í félagslegu samhengi og síðar á bók og til stafs. Enginn einn staður eða stund er notuð til að efla málrækt heldur eru öll tækifæri nýtt og byggð á áhuga barna.



Leikur

Í Aðalnámskrá (2011) er talað um leik sem aðalnámsleið hjá börnum og þungamiðju alls leikskólastarfs. Leikur getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram ákveðin markmið til að ná í gegnum leikinn. Lykilhugtök leikskólans fléttast inn í leik barnanna þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt inntak þeirra við leik.

Leikur er börnum eðlislægur og skapar tækifæri til að læra og skilja umhverfi, reynslu, tilfinningar. Hann skapar svigrúm til að tjá hugmyndir og mynda félagsleg tengsl. Leikur fer fram á forsendum þeirra sem í honum eru.

Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Þá skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma, á eigin forsendum.

Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir og takast börn á um hagsmuni sem er mikilvægur þáttur í lýðræði og hagsmunaátök geta stuðlað að jafnræði. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar (Aðalnámskrá, 2011).

Í leik læra börn hvert af öðru og eru hvött til margbreytilegs leiks svo sem hlutverkaleiks þar sem þau setja sig í spor annara. Þau prófa mismunandi hlutverk og skilja betur alls konar upplifanir í raunheimi með því að takast á við þær í leik. Leikskólakennari þarf að vera meðvitaður um að leikur er stór partur af lífi barna og þeirra leið til að skilja umhverfi sitt og það sem samanstendur af þeirra reynsluheimi svo sem foreldrum, systkinum, leikfélögum, leikskólakennurum og öðrum sem eru í lífi þeirra. Smá saman öðlast þau svo hæfni sem þau nýta sér í stærra samhengi.

Í Sunnufold er leiknum gert hátt undir höfði og hann alltaf hafður í huga þegar starf er skipulagt. Leikskólakennarinn kynnir börnum nýja möguleika og skapar þannig sameiginlega reynslu sem nýtist í leik. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir áhuga barna og því sem gerist, spyrja opinna spurninga og vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna því áhuga.



Sjálfraði

Lýðræðis- og jafnréttissjónarmið eru í öllu okkar starfi og við leggjum áherslu á að vera samverkamenn barna. Til að byggja upp einstakling með það að markmiði að efla sjálfraði hans, þarf kennari að vera fyrirmynd í samskiptum og gjörðum, hann þarf að hlusta á barn svo barnið hlusti á hann. Virkja þarf alla til þátttöku í samfélaginu ekki aðeins þá sem hafa sig í frammi. Gagnrýnin hugsun og vangaveltur um rétt og rangt styrkir börnin að taka ábyrgð á eigin gjörðum og til að hafa áhrif í hóp. Jafnvel ágreiningur getur verið góð leið til að efla börn í sjálfstæðum hugsunum og/eða til að setja sig í spor annarra.

Í sjálfraði felst ekki að ráða sjálfur heldur að ráða sjálfum sér, geta stýrt sér og sínum gjörðum og til þess þarf einstaklingur að prófa sig áfram í ólíkum aðstæðum. Við viljum því að börnin séu virkir þátttakendur í leikskólalífinu, hafi áhrif hvort sem þau eru bein eða óbein. Þau byggja upp sjálfshjálp, virðingu gagnvart öðrum, sjálfstæði og smám saman finna þau út að það er hægt að hafa áhrif í stærra samhengi, út fyrir deildina, út fyrir skólann og inn í samfélagið. Börnin fá aukna ábyrgð og áhrif þegar þau eldast og eru líkleg til að ráða betur við það ef þau hafa fengið tækifæri til að takast á við „að gera sjálf“ frá byrjun.

Með því að byggja upp samábyrgð, meðvitund og virkni verða börnin betri í að hafa áhrif á það samfélag sem þau lifa í og gerir þau opnari fyrir lýðræðislegum forsendum. Daglegt líf bíður uppá margvísleg álitamál hvort sem það er í barnahópnum, nærsamfélaginu eða í hinum stóra heimi. Áhersla á rökræður og gagnrýna hugsun getur dýpkað og aukið skilning á sjálfraði barna sem suðlar að lýðræði og mannréttindum.



Heilbrigði

Öll vitum við að heilbrigður lífsstíll færir okkur betra líf og að hollur matur og hreyfing er þar stór þáttur. Heilbrigði byggist ekki aðeins á líkamlegri vellíðan heldur einnig andlegri og félagslegri. Áherslur okkar um heilbrigði eru að miklu leiti byggðar á Aðalnámskrá leikskóla (2011) og grunnþáttum hennar um heilbrigði og velferð (2013) en þar segir meðal annars að heilbrigði og líðan sé flókið samspil margra þátta, bæði einstaklings og umhverfis. Jafnframt segir að í öllu starfi leikskólans þurfi að stuðla að velferð barna.

Við komum til móts við líkamlegar þarfir barna með hreyfingu og hollum mat eftir fremsta megni. Hreyfing er börnum eðlisleg og stuðlað er að henni með daglegri útiveru, gönguferðum og ferðum af ýmsu tagi. Skipulagðar hreyfistundir geta verið inni og úti, hvort sem æfð er samhæfing í steinaklifri eða hopp á milli dýna. Starfsmenn leikskólans leggja sig fram við að skapa börnum heilsueflandi umhverfi. Starfsfólk gætir þess að mæta börnum á þeirra þroskastigi og hvetja þau til að nýta styrkleika sína og ýta um leið undir jákvæða sjálfsmynd og aukinn þroska hvort sem er andlegan eða líkamlegan.



Með jákvæðum skólabrag og færni í samskiptum leggjum við grunn að umburðarlyndi og skilning. Við hvetjum börn til tjáskipta sín á milli og aðstoðum þau á jákvæðan og uppbyggilegan hátt til að fá að þróa með sér sjálfreði og ná að koma skoðunum sínum á framfæri. Við byggjum upp jákvæða og heilbrigða sjálfsmynd meðal annars með því að aðstoða börn að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og skoðanir. Börnin fá tækifæri á að vera skapandi á sinn hátt og byggja upp sjálfstraust til að þróa sköpunina á næsta stig. Þau eru hvött til að vera þátttakendur í því samfélagi sem þau lifa í, til hafa áhrif og sýna ábyrgð og seiglu í samskiptum við aðra. Í þessu flókna samspili auka börn hæfileika sinn til að hugsa og tjá sig með orðum.

Samþætting lykilhugtakanna

Lykilhugtök Sunnufoldar samþættast í allt skólastarf og á að hafa áhrif á samskipti allra sem að því koma svo sem allra starfsmanna, foreldra og barna. Lykilhugtökin hafa áhrif á skólabraginn og hvaða þekkingu starfsfólk viðar að sér og öðlast færni í. Kennarar Sunnufoldar gegna lykilhlutverki í starfinu og starf þeirra mótast utanum þá hugmyndafræði sem leikskólinn bíður uppá. Kennarar Sunnufoldar bera ásamt stjórnendum ábyrgð á að flétta hugmyndir um lykilhugtökin inn í allt starf og þróa og meta starfið eftir þeim. Þeir bera ábyrgð á að nálgast lykilhugtökin með faglegri sýn og meta starfið samkvæmt því.

Mat

Matsaðferðir Sunnufoldar eru til að auka skilning og þekkingu þeirra sem vinna með börnum um nám þeirra og líðan og til að geta komið til móts við foreldra með betri og markvissari hætti. Lagt er upp með einstaklingsmiðuðu mati sem ýtir undir styrkleika hvers og eins barns. Allt mat er umbótamiðað og gert með því markmiði að bæta starfið. Fyrir innra og ytra mat leikskólans er einnig stuðst við *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs* (2014).

Ytra mat

Ytra mat er eins og innra mati ætlað að vera umbótamiðað og gefa þannig færi á umbótum og þróun í starfi. Gögnum sem er safnað og eru metin með hliðsjón af þeim stýrigögnum sem liggja fyrir. Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum svo sem ráðuneyti eða rekstraraðilum.

Skóla- og frístundasvið hefur metið leikskólastarf annað hvert ár. Matið hefur farið fram í formi foreldrakannanna og sem starfsmannakönnun. Leikskólastjóri getur í samráði við aðra leiðtoga skólans þ.m.t. fulltrúum foreldraráðsins sett inn matsspurningar sem eiga þá sérstaklega við um Sunnufold og þróun í starfi okkar .

Innra mat

Mat á velferð og námi barna er notað til upplýsinga þegar starf í leikskólanum er skipulagt. Mikilvægt er því að meta reglulega, því með ólíkum barnahópum kemur nýr skilningur og markmiðin breytast. Metið er útfrá hugmyndafræði og lykilhugtökum Sunnufoldar, meðal annars með því að nota skráningar í starfinu og viðtöl við eldri börnin.

Mat er unnið jafnóðum með ígrundun, jafningjaleiðsögn og speglun við börnin sjálf. Þó svo að lagt sé upp með einstaklingsmiðun er mat oft gert í félagslegum aðstæðum þar sem börnin eru í hóp meiri hluta dagsins í leikskólanum. Metnaður er fyrir góðum skólabrag og er meðal annars metið eftir því hvernig andrúmsloft er í leikskólanum, við viljum að það sé viðurkennandi og afslappað með þátttöku, leiðsögn og styrkingu til allra barna.

Starfsfólk styðst við *þemahefti um námsmat í leikskólum og viðmið og vísbendingar* (2013) þegar mat er skipulagt og framkvæmt. Í þemaheftinu er tekið fram hvað á að meta og hvað barn á að hafa fengið tækifæri til þegar það hefur lokið leikskólagöngu sinni samkvæmt Aðalnámskrá (2011)

Læsi og samskipti

- leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsamlegan hátt,
- vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti (líkamlega, munnlega og í skapandi starfi),
- leita eftir merkingu orða og orðasambanda, ríma og átta sig á hljóðum stafa,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- ræða málefni og hlusta á aðra,
- nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Heilbrigði og vellíðansýna umhyggju,

- sjá um persónulega umhirðu,
- þekkja holla næringu,
- stunda fjölbreytta hreyfingu,
- stunda ögrandi og krefjandi útivist,
- stunda slökun og hvíld,
- sýna tilfinningalegt jafnvægi,
- eiga jákvæð samskipti,
- njóta félagslegra tengsla.

Sjálfbærni og vísindi

- velta vöngum yfir umgengni sinni og bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- átta sig á því hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- skilja hringrásir og ýmis fyrirbæri í náttúrunni,
- átta sig á margvíslegum auðlindum náttúrunnar,
- velta vöngum yfir nýtingu náttúrunnar,
- vinna með upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga,
- vinna með stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölur, tákni og mynstur,
- vinna með lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra,
- vinna með eðli ýmissa krafta og birtingarmyndir þeirra í umhverfinu,
- skoða eiginleika ýmissa efna og hluta,
- velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar,
- átta sig á rými, fjarlægðum og áttum.

Sköpun og menning

- njóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- kanna og vinna með margvíslegan efnivið,
- nýta fjölbreytta tækni,
- njóta bókmennta, þula, söngs og ævintýra,
- læra texta og taka þátt í söng,
- skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu,
- njóta fjölbreyttrar menningar og lista,
- taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista

Stuðningur við börn

Í Sunnufold lítum við svo á að öll börn þurfa stuðning bara mismikinn. Börn eru hæfileikarík ef þeim eru búnar aðstæður til þess að njóta hæfni sinnar. Stuðningur í leikskólanum getur verið frá því að fá leiðbeiningar og styrkingu við að renna upp peysunni, yfir í að vera stuðningur allan daginn með aðstoðarmanni/sérkennara. Öll erum við ólík en höfum það sameiginlegt að búa við mannréttindi og lýðræði í samfélagi við aðra. Við sækjum okkur ráð sérfræðinga og styðumst við leiðbeiningar meðal annars um það hvernig við tökumst á við margbreytileika og fjölmenningu.

Við viljum vera skóli sem lærir og þá viðurkennum við það að við lærum með börnum og þau læra með okkur. Við hvetjum foreldra til að hafa samband við starfsfólk okkar ef þeir hafa áhyggjur af þroskaframvindu síns barns eða hafa einhverjar spurningar er varða barnið. Starfsfólkið hefur einnig samband við foreldra og er meðvitað að gott samstarf við þá er ávísun á góðan árangur og vellíðan hjá barni.

Snemmtæk íhlutun

Unnið er með snemmtæka íhlutun í leikskólanum en hún felur í sér vinnu eftir markvissum leiðum til þess að koma til móts við barn þar sem það er statt í þroska. Ef þörf er á snemmtækri íhlutun er reynt að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barns eins snemma á lífsleiðinni og unnt er.

- Áhersla er lögð á að íhlutun fari fram í samvinnu við foreldra barns og hefjist sem fyrst í starfi með barninu
- Íhlutun fer fram við þær aðstæður sem eru taldar árangursríkastar fyrir hvert barn en áhersla er lögð á að barn sé hluti samfélagsins á deildinni sinni/leikskólanum.
- Leikskólinn hefur aðgang að talmeinafræðingi frá þjónustumiðstöð Grafarvogs ef foreldrar telja sig þurfa aðstoð og ráðgjöf vegna málþroska barns. Leikskólinn hefur samband við foreldra ef starfsfólk telur að inngrip talmeinafræðings sé barninu í hag. Starfsfólk Sunnufoldar hefur notað 10 mínútna regluna sem felur í sér að hver starfsmaður ræðir við barn sem þarf sérstaka málörvun í 10 mínútur á dag. Þannig fær barnið allt að 30 til 50 mínútna markvissa málörvun á dag ef allir starfsmenn á deildinni tala við barnið.
- Boðið er upp á teymisvinnu með foreldrum, starfsfólki og sérfræðingum frá þjónustumiðstöðinni Miðgarði. Teymisvinnan felur í sér að finna sameiginlegar leiðir í starfi og í samskiptum við barn sem þarf íhlutun. Þessi vinna er talin árangursrík þar sem þeir sem eru í teyminu bera sameiginlega ábyrgð á að verkefni teymisins vinnist sem best. Í teyminu þarf að nást sameiginlegur skilningur, samábyrgð og vilji til að vinna í því sem teymið ákveður í sameiningu.
- Þegar barn þarf á aukinni aðstoð að halda er veittur sérstakur stuðningur sem eru í höndum sérkennara eða þroskaþjálfara sem sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með. Stuðningur við barn þarf að vera unnin í samstarfi við foreldra og koma þarf til móts við barn þar sem það er statt í þroska. Öll börn þurfa að fá viðfangsefni við hæfi og gæta þarf jafnvægi í samskiptum og jafnrétti. Ávallt er leitast við að mæta þörfum barn inn í barnahópnum og lögð er áhersla á að barn aðlagist starfi á deildinni og njóti eðlilegra samskipta við önnur börn og fullorðinna. Öll börn eiga fá sambærileg tækifæri í leik og námi sé það mögulegt.

Miðgarður

Þjónustumiðstöðin Miðgarður sér um alhliða ráðgjöf og þjónustu við foreldra og skóla í Grafarvogi og Kjalarnesi. Hægt er að sækja aðstoð helstu sérfræðinga um málefni barna og fjölskyldna. Fulltrúar frá Miðgarði sitja samráðsfundi með deildarstjórum og aðstoðarleikskólastjórum á sex til átta vikna fresti þar sem málefni barna eru rædd. Einnig koma sérfræðingar á teymisfundi með foreldrum og starfsfólki þegar við á.



Foreldrasamstarf

Að byrja í leikskóla er stór stund í lífi barns og foreldra. Mikilvægt er að standa vel að leikskólabyrjun því hún hefur áhrif á alla og þá sérstaklega líðan og öryggistilfinningu barnsins. Talið er að öruggir foreldrar smiti öryggi sitt í börnin og byrjunin verði farsæl. Í Sunnufold leggjum við upp úr jákvæðum daglegum samskiptum milli starfsfólks og foreldra og erum ávallt með velferð barns í huga. Við viljum byggja upp traust á milli þessa tveggja og búa til leikskólasamfélag þar sem foreldrar finni að þeir geti leitað til starfsfólks og fengið upplýsingar um börnin sín. Að sama skapi þarf starfsfólk að hafa greiðan aðgang að upplýsingum frá foreldrum til að mynda samfellu milli heimilis og skóla. Mikilvægt er að þekkja menningu og aðstæður barnanna til að geta komið til móts við hvert og eitt barn. Þess vegna hvetjum við foreldra til að koma inn á deild og fá upplýsingar um starfið við daglegar aðstæður. Jafnframt hvetjum við starfsfólk að taka fyrsta skrefið í þessum samskiptum.

Fundir

Haldinn er foreldrafundur á haustin þar sem starf Sunnufoldar er kynnt, kosið er í foreldraráð og foreldrafélög ásamt því að foreldrar kynna sína aðkomu í þessum félögum.

Kynningafundur fyrir nýja foreldra eru haldnir á aðlögunartíma barnanna þar sem leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri kynnir leikskólann og helstu áherslur í starfi. Sérkennslustjóri kynnir starf sitt og hvaða leiðir eru farnar í að koma til móts við börn sem þurfa sérstakan stuðning. Hann kynnir ráðgefandi leiðir sem eru í boði fyrir alla foreldra og starfsmenn leikskólans. Deildarstjórar kynna starfið á deildum og hvers er að vænta í aðlögunarferlinu. Foreldrar eru beðnir um að segja frá sínum óskum og leggja fram spurningar er varða börnin þeirra og starfið í leikskólanum.

Samtöl

Foreldrasamtöl eru haldin í samráði við foreldra. Foreldrar nýrra barna fá samtál fljótlega eftir að aðlögun hefst, þá er miðað við að samtalið fari fram innan við mánuð. Deildarstjórar bera ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni samtala. Notað er fyrirfram ákveðið samtalsform þar sem starfsmaður hefur undirbúið samtalið og fær svo sýn og áherslur foreldra til að búa til einstaklingsnámskrá fyrir barnið. Samtalið er ætlað til að finna styrkleika barns og koma til móts við barn og foreldra. Mikilvægt er að hlusta á foreldra er varðar líðan barns og styrkleika þess. Einnig er mikilvægt að árétta það að hægt er að fá samtöl hvenær sem er eftir samkomulagi.

Persónumöppur

Í leikskólabyrjun koma foreldrar með möppu og mynd af barninu og fjölskyldu þess. Persónumappa er safn mynda ætlað að styðja við nám og samskipti og sýna jafnframt námsferla. Möppurnar verða ekki allar eins en markmið okkar með þeim er að safna upplýsingum um framfarir og líðan barns. Möppurnar eiga að sýna styrkleika barns í leikskóla og heima og er þáttur í að búa til samfellu milli heimilis og leikskóla. Persónumappan er einnig mikilvægt matsverkfæri sem hægt er að nota með foreldrum og tengja tvo heima barns.



Samvinna við foreldra um markmið og mat á hvernig gengur hefur áhrif á nám og þroska barns. Horfa þarf á styrkleika barns og finna leiðir til að styrkja það á öllum sviðum. Persónumöppunum er einnig ætlað að styðja við samskipti þeirra sem að henni koma; barns, foreldra og starfsmanna (Lilja Björk Ólafsdóttir, 2009).

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla (90/2008) skal kjósa í foreldraráð og skal leikskólastjóri fara fyrir ráðinu. Í Sunnufold er einn fulltrúi frá hverri deild kosinn og því samtals sjö foreldrar í ráðinu. Með í ráðinu eru áheyrnarfulltrúar starfsfólks, einn deildarstjóri og einn leiðbeinandi. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir meðal annars um skólanámskrá og áætlanir sem gerðar eru í leikskólanum einnig hefur foreldraráðið umsagnarrétt um meiri háttar breytingar sem fyrirhugaðar eru á starfi leikskólans.

Foreldrafélag.

Í Sunnufold eru starfandi foreldrafélög, eitt við hverja starfsstöð. Í Frosta er deildarstjóri tengiliður við félagið en aðstoðarleikskólastjórar í Funa og Loga. Hlutverk félaganna er að styðja við leikskólastarfið og efla samskipti foreldra utan og innan leikskólans. Megin hlutverk foreldrafélaganna er að stuðla að velferð barnanna og auðga starfið. Foreldrafélögin standa fyrir árlegum viðburðum svo sem piparkökumálun í desember og ferðum á vorin. Tryggja þarf samræmi milli starfsstöðva þar sem starf foreldrafélaganna felur oft í sér inngrip í daglegt leikskólastarfsins og þar með námstilboð til barnanna.



Nærsamfélagið

Grafarvogurinn er ríkur af skemmtilegum og fróðlegum stöðum, stofnunum og fyrirtækjum. Náttúran í hverfinu býður upp á mörg námstækifæri og starfsfólk og börn í Sunnufold eru dugleg að nýta sér það til þess að víkka út sjóndeildarhringinn. Aukin hverfisvitund, öryggi og meðvitund barnanna skilar sér með meira samstarfi við nærsamfélagið.

Vogin

Vogin er heiti á samstarfsverkefni sem fór af stað árið 2015 í Grafarvogi með það að markmiði að tengja betur saman leikskóla, grunnskóla og frístundastarf, auka gæði þjónustu og auðvelda börnum að fara á milli þessara skólastiga. Stefnan er tekin á heildstæðari sýn, samræmdar áherslur í starfi, aukna samvinnu starfsfólks á þessum vettvangi og öruggeri börn og foreldrar. Grafarvoginum var skipt upp í samvinnueiningar og okkar hverfi samanstendur af Sunnufold, Foldaskóla og Regnbogalandi með þjónustumiðstöðina Miðgarð okkur til halds og trausts.

Foldaskóli

Hverfisskóli Sunnufoldar er Foldaskóli. Lögð er mikil áhersla á að það verði átakalaust fyrir barn að fara á milli þessara skólastiga. Lagt er upp úr góðu samstarfi milli kennara þessara skólastiga. Elstu börnin í leikskólanum fara í reglulegar heimsóknir í skólann yfir starfsárið og taka meðal annars þátt í sameiginlegri söngstund á yngsta stigi, fara í íþróttir með 1. bekk, fara í smíðatíma, skoða bókasafnið og taka þátt í vorskólanum. Börn úr 1. og



5. bekk í Foldaskóla heimsækja Sunnufold einu sinni á starfsárinu, á degi íslenskrar tungu til að heilsa upp á leikskólabörnin og þá fara þau um leið á fornar slóðir þegar þau koma í sinn gamla leikskóla.

Regnbogaland

Farið er í heimsóknir einu sinni í mánuði, með elstu börnin, yfir allt skólaárið í frístundaheimilið Regnbogaland sem er staðsett í Foldaskóla. Öryggi og jákvæðni barnanna gagnvart grunnskóla- og frístundarumhverfinu eykst jafnt og þétt og í byrjun grunnskólanársins eru þau mörg búin að aðlagast frístundarstarfinu og hafa þannig möguleika á aukinni þátttöku.

Bókasafnið

Næstelsti árgangur leikskólans fer reglulega í sögustundir á Borgarbókasafnið í Spönginni. Tekinn er strætisvagn báðar leiðir og starfsmaður bókasafnsins les fyrir börnin sögu. Við fáum lánaðar bækur sem við getum lesið í leikskólanum og skilum þeim svo aftur í næstu ferð. Þessar ferðir eru meðal annars til að læra á nærumhverfið, ferðast sem hópur og ýta undir virðingu gagnvart menningarauði okkar sem bækur og bókasöfn eru. Bókasafnið er opinbert rými sem gefur færi á að læra félagsfærni sem þar á við.



Fjöltnir

Elstu börnin í Sunnufold fara á tveggja vikna sundnámskeið í júní á vegum Fjölnis. Þetta er partur af því að kynna fyrir börnum og foreldrum möguleika í nærumhverfinu, undirbúa þau fyrir komandi sundkennslu í grunnskóla, virkja þau í hreyfingu, hollustu, sjálfræði og hamingju. Sundferðirnar eru upplífandi þáttur í vorstarfinu fyrir þau elstu sem eru orðin spennt að komast út í sumarið.

Gufunesbær

Í Gufunesbæ höfum við aðgang að útisvæði ásamt Hlöðunni sem nýtist okkur við stærri viðburði svo sem útskrift barnanna og fyrir skipulagsdaga. Margskonar námskeið eru í boði fyrir börn og starfsfólk til dæmis til að auka skilning á útinámi og möguleikum í nærumhverfinu.

Sorpa

Árlega er farið með elsta árgang leikskólans í heimsókn í Sorpu. Börnin fá stutta kynningu á flokkun sorps og fara svo í spennandi ferð með rútu í gegnum flokkunarstöð Sorpu þar sem sorpið er flokkað með stórum vinnuvélum og tækjum. Ferð í Sorpu vekur upp spurningar hjá börnunum um umhverfisvernd og vísindi og eykur skilning þeirra á flokkun sorps í leikskólanum.

Ferðir

Í nærumhverfi Sunnufoldar eru strætisvagnabiðstöðvar sem gera okkur kleift að ferðast lengra en við annars færum. Við ferðumst með vögnunum um Grafarvog og víðar, sjáum ný kennileiti og stækkum heiminn. Börnin fá yfirsýn og hugmyndir um hvernig hægt er að ferðast um og upplifa eitthvað nýtt í hvert skipti. Á haustin og vorin aukast ferðirnar og öll tækifæri eru nýtt til að víkka sjóndeildarhringinn.



Heimilidaskrá

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir (2016,apríl) *Samskipaboðorðin*. Sótt af <http://www.samskiptabodordin.is/>

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2010). „*Af því að við erum börn*“: *Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla*. (Doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2015). Námssögur: Tæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla. *Netla – tímarit um uppeldi og menntun*.

Sótt af: <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/008.pdf>

Ásdís Olga Sigurðardóttir. (2013). *Áhrifapættir í starfi deildarstjóra í leikskólum*. (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (1992). Barnasáttmálinn-heildartextinn. Sótt af: <http://www.barnasattmali.is/nam/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Borghildur Sverrisdóttir. (2014). „*Hamingjan eflir Heilsuna*“. Reykjavík: Bókafélagið.

Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (1999). *Beyond quality in early childhood education and care. Postmodern perspectives*. London: Routledge Falmer. Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi) Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

DeVries, R og Zan, B. (1994). *Moral Classrooms, Moral Children: Creating a Constructivist Atmosphere in Early Education*. Teachers College Press. New York.

Fanný Heimisdóttir. (2010). *Umhverfið sem þriðji kennarinn: „börnin vilja gjarnan innrétta sjálf“*. (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Gunnar Hrafn Birgisson. (2010) *Jákvæð Sálfræði*. Sótt af <https://vefritsi.wordpress.com/2010/02/01/jakv%C3%A6%C3%B0-salfr%C3%A6%C3%B0i/>

Hrönn Pálmadóttir. (2015). Samfélag í leik: sjónarhorn ungra leikskólabarna á tengsl, gildi og hlutverk. (Doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Jones, E. og Cooper, R. M. (2005). *Playing to get smart*. New York: Teachers College Press.

Jones, E. og Reynolds, G. (1992). *The play is the thing... Teachers' roles in children's play*. New York: Teachers College Press.

Lilja Björk Ólafsdóttir. (2009). *Þetta er eins og kíkir inni í leikskólann: ferilmappa í leikskóla*. (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). Heilbrigði og velferð: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvarsdóttir og Silvía Guðmundsdóttir

- (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum og viðmið og vísbendingar* Reykjavík: Anna Magnea Hreinsdóttir.
- Piaget, J. (1972). *To understand is to invent. The future of education*. The Viking Press. (Upphaflega gefið út 1948).
- Rinaldi, C. (2006). *In dialogue with Reggio Emilia. Listening, researching and learning*. New York: Routledge.
- Robert Greenleaf. (2008). *The Servant as Leader*. Westfield: The Greenleaf Center for Servant Leadership.
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2008). *Umhyggja í leikskóla. Viðhorf og starf leikskólakennara*. Óbirt M.Ed.-ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Sigrún Gunnarsdóttir. (2016). *Sjö þættir sem einkenna þjónandi leiðtoga*. Sótt af: <http://thjonandiforysta.is/2016/03/17/sjo-thaettir-sem-einkenna-thjonandi-leidtoga-2/>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2013). *Lesið í leik – læsisstefna leikskóla*. Reykjavík
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2014). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs* Reykjavík.
- Stefán Jökulsson. (2012). *Læsi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Í Aldís Yngvadóttir og Sívía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.



Fjallið er grænt eins og foldin og liturinn táknar líka grósku í skólastarfinu.

Sólin er sunnan í nafninu en líka hlýjan og birtan í starfinu.

Karlarnir eru þrír og tákna þrjár starfstöðvar en líka fjölbreytileikann.